

Skaftárhreppur til framtíðar

Framtíðarsýn 2020

Greinargerð verkefnisstjórnar í október 2016



BYGGÐASTOFNUN



SASS



KIRKJUBÆJARSTOFA

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Framtíðarsýn 2020 ásamt markmiðum	4
Greinargerð með framtíðarsýn	5
Tímasett starfsmarkmið ásamt áætlun um aðgerðir.....	6
SVÓT	13
Viðauki I Samantekt frá íbúðapingi 2013	17
Viðauki II SVÓT frá sumri 2015	18
Viðauki III Yfirlit styrkja BB-SF.....	19
Úthlutun 2015.....	19
Úthlutun 2016.....	20

Inngangur

Greinargerð þessi er afrakstur vinnu verkefnisstjóra, í samstarfi við verkefnisstjórn, við mótun verkefnisins Skaftárhreppur til framtíðar og lýsir stöðu verkefnisins þegar það færir af áfanga tvö, stefnumótun og áætlanagerð, yfir á stig þrjú, framkvæmd. Jafnframt flyst formennska í verkefnisstjórn frá Byggðastofnun til sveitarfélagsins.

Skjalinu er ætlað að skerpa sýn þeirra sem með ýmsum hætti hafa með málefni er varða hag byggðarlagsins að gera, á helstu mál er brenna á íbúum þess undirstrika og hvaða áherslur eru í mótun aðgerða til bættrar stöðu sem lýst er í framtíðarsýn verkefnisins fyrir byggðarlagið.

Framtíðarsýnin er unnin í samvinnu íbúa, hagsmunasamtaka þeirra og verkefnisstjórnar. Til grundvallar eru skilaboð íbúapings í október 2013 og umræðuefni á íbúafundi í nóvember 2015.

Skaftárhreppur til framtíðar – framtíðarsýn 2020 er sett fram með þremur meginmarkmiðum, þrettán starfsmarkmiðum, sjö undirmarkmiðum sem öll snúa að samgöngum og tímasettri aðgerðaáætlun.

Í viðaukum eru samantekt frá íbúapingi 2013 ásamt forgangsröðun, SVÓT unnið árið 2015 og yfirlit yfir úthlutanir úr sjóði er fylgir verkefninu Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar.

Kirkjubæjarklaustri 28. október, 2016

Eirný Vals,
Verkefnisstjóri Skaftárhreppur til framtíðar

Mynd á forsíðu er úr ferð Kindadventure, reiðhjól (fat bike) á afrétti.



Framtíðarsýn 2020 ásamt markmiðum

Framtíðarsýn 2020

Skaftárhreppur er sveitarfélag þar sem aukin fjölbreytni tækifæra til atvinnu hefur skapast með þróunarstarfi og styrkingu innviða. Landbúnaður og fullvinnsla afurða samhliða ferðaþjónustu er sá grunnur sem byggt er á. Þjónustustig er frekar hátt og samgöngur góðar. Fjarskipti eru eins og best verður á kosið og þriggja fasa rafmagn er komið um byggðirnar.

Framtíð byggðar í Skaftárhreppi er tryggð með því að vinna með íbúum til framfara, greina vanda, finna lausnir og grípa tækifæri.

I Meginmarkmið - Öflugir innviðir

II Meginmarkmið - Skapandi atvinnulíf

III Meginmarkmið - Heillandi umhverfi



Framtíðarsýn var rædd á íbúafundi í nóvember 2015. Ljósmynd Kristján P. Halldórsson.

Greinargerð með framtíðarsýn

Góðir innviðir eru grunnforsenda þess að byggð þróist. Meðal innviða eru samgöngur, fjarskipti, orka (afhendingaröryggi og fösun), heilsugæsla, löggæsla og menntamál. Í framtíðarsýn Skaftárhrepps til framtíðar er fullyrt að samgöngur séu góðar. Þegar íbúar í Skaftárhreppi tala um góðar samgöngur þá hefur vetrarþjónusta færst upp um flokk, úr flokki 3 í flokk 2, einbreiðum brúm hefur verið útrýmt með öllu, bundið slitlag hefur verið lagt á tengivegi, héraðsvegum er viðhaldið og ferðamannavegir hafa verið skilgreindir og þeim er viðhaldið. Að auki hafa vegaxlir verið breikkaðar og áningarstöðum fjölgað, í samráði við sveitarfélag og landeigendur. Góðar samgöngur eru mikilvægar til að löggæsla og viðbragðsaðilar geti brugðist hratt og örugglega við. Greiðar samgöngur eru lífæð búsetu en vegakerfið hefur ekki verið byggt upp til að anna þeirri umferð sem fer um það. Mikilvæg fjárfesting er fólgin í uppbyggingu og viðhaldi vegakerfisins. Auka þarf umferðaröryggi og þar með styrkja búsetu. Því er lögð áhersla á samgöngur í framtíðarsýninni og starfsmarkmiðum.

Til að hægt sé að styðja íbúa til nýsköpunar, þróunar og markaðssóknar þurfa innviðir að vera í lagi og sambærilegir við það sem best gerist. Því er áhersla á að innviðir verði byggðir upp svo byggð þróist.

Víða í Skaftárhreppi er einungis eins fasa rafmagn. Áætlanir Rarik gera ráð fyrir að breyting í þrífösun verði árið 2035. Það er óásættanlegt. Þriggja fasa rafmagn er það sem þarf til að hægt sé að nýta rafmagn. Fá tæki og enn færri mótórar eru gerð fyrir eins fasa rafmagn. Fullyrða má að þrífösun ásamt afhendingaröryggi sé undirstaða búsetu, framkvæmda og öflugs atvinnulífs.

Í framtíðarsýn er einnig sagt að þjónustustig sé frekar hátt. Mikilvægt er að efla þá þjónustu sem nú þegar er til staðar og auka þarf í varðandi heilsugæslu og löggæslu svo dæmi sé tekið.

Fjarskipti eru mikilvæg fyrir allan almenning hvort sem um íbúa eða ferðamenn er að ræða. Þá er mikilvægt fyrir viðbragðsaðila að hægt sé að treysta á að fjarskipti virki.

Eitt af starfsmarkmiðum er að efla möguleika á nýsköpun og þróun. Unnið er út frá hugtakinu nýsköpun sem það að skapa eða búa til nýja vöru eða þjónustu og/eða endurbæta það sem þegar er til staðar. Nýsköpun er ávallt að minnsta kosti ný í fyrirtækinu sjálfu, en stundum einnig í umhverfi fyrirtækisins eða jafnvel heiminum öllum. Til að nýmæli geti talist nýsköpun verður hún að komast í framkvæmd.

Tímasett starfsmarkmið ásamt áætlun um aðgerðir

Mikilvægt er að starfsmarkmið séu tímasett og að ljóst sé hver ber ábyrgð á aðgerðum. Starfsmarkmið og aðgerðir eru sífellt í endurskoðun og verða uppfærð eftir þörfum, ýmist þegar markmiðum er náð, ný viðfangsefni verða samþykkt eða áföngum er náð.

I Meginmarkmið - Öflugir innviðir

Starfsmarkmið 1: Fjarskipti verði eins og best verði á kosið á 70% heimila og fyrirtækja í lok árs 2018.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Skoða aðra kosti en ljósleiðara	4/2016	6/2016	SBJ/EV
Safna gögnum um styrk og dreifingu gsm sambands	08/2016	09/2016	EV
Erindi um gsm samband til PFS	08/2016	09/2016	EV/SBJ
Vinna umsókn til PFS vegna ljósleiðara	10/2015	2/2016	SBJ
Vinna umsókn nr. tvö til PFS vegna ljósleiðara	10/2016	10/2016	SBJ
Erindi til fjárlaganefndar	8/2016	10/2016	EBH
Vinna að sameiginlegu verkefni með BB um land allt	06/2016	12/2018	EV/ÓJ
Kortleggja styrk og dreifingu útvarpssendinga	09/2016	12/2016	EV
Starfsmarkmið 2: Í lok árs 2018 verði þriggja fasa rafmagn komið í það minnsta 60% heimila og fyrirtækja.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Fundur með framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Rarik	10/2015	10/2015	EV
Fundur með hluta fjárlaganefndar	11/2015	11/2015	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	08/2016	10/2016	EBH
Sveitarfélagið brotið upp í forgangsraðaða áfanga til framkvæmda	06/2016	08/2016	EV/SBJ
Vinna að sameiginlegu verkefni með BB um land allt	06/2016	12/2018	EV/ÓJ
Samráð við fjárlaganefnd um ráðstöfun andvirði ríkisjarða	05/2016	12/2018	EV/SBJ
Starfsmarkmið 3: Í lok árs 2018 hafi verið byggðar eða hafin bygging 15 íbúða í sveitarfélaginu, frá því að verkefnið BB-SF fór af stað.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Lóðir klárar til úthlutunar á Kirkjubæjarklaustri	04/2015	12/2016	EBH/SBJ
Heimild til að fella niður gatnagerðargjöld	04/2016	04/2016	EBH
Stofna leigufélag á Kirkjubæjarklaustri	04/2016	10/2016	EBH
Kanna þörf á fjölda leiguíbúða	05/2016	06/2016	Atvmn
Starfsmarkmið 4: Í lok árs 2020 eru samgöngur í góðu horfi.			
Undirmarkmið:	Byrjað	Lokið	Ábyrgð
4.1 Færa vetrarþjónustu upp um flokk, úr flokki 3 í flokk 2, fyrir lok árs 2018.	04/2015	09/2018	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	SBJ/EBH
Fundur með samgöngunefnd alþingis	02/2017	02/2017	SBJ/EBH
Bréf til þingmanna kjördæmisins	12/2016	12/2016	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EBH
Fundur með almannavörnum/löggæslu	12/2016	12/2016	SBJ/EBH
4.2 Vegaxlir breikkaðar, fyrir lok árs 2019.	04/2015	10/2017	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	SBJ/EBH
Fundur með samgöngunefnd alþingis	02/2017	02/2017	SBJ/EBH
Bréf til þingmanna kjördæmisins	12/2016	12/2016	SBJ/EV

Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EBH
Fundur með almannavörnum/löggæslu	12/2016	12/2016	SBJ/EBH
4.3 Útskotum/áningarstöðum fjölgað, í samráði við sveitarfélag/landeigendur, fyrir lok árs 2018.	04/2015	10/2020	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	
Fundur með landeigendum	12/2016	12/2016	SBJ/EBH
Fundur með Ferðamálastofu	12/2016	12/2016	SBJ/EBH
Fundur með Friði og frumkröftum	11/2016	11/2016	SBJ/EV
Bréf til þingmanna kjördæmisins	11/2016	11/2016	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EBH
4.4 Ferðamannavegir skilgreindir, og þeim viðhaldið, fyrir lok árs 2018.	04/2015	06/2017	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	
Fundur með þingmönnum kjördæmisins	01/2017	01/2017	SBJ/EBH
Erindi til Ferðamálastofu	02/2017	02/2017	SBJ/EBH
Bréf til samgöngunefndar alþingis	02/2017	02/2017	SBJ
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EV
	11/2016	11/2016	SBJ/EBH
4.5 Einbreiðum brúm fækkað um 40% fyrir lok árs 2020.	04/2015	11/2020	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Telja og skrá allar einbreiðar brýr, á öllum vegum	11/2016	11/2016	EV
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	EBJ/EBH
Fundur með þingmönnum kjördæmisins	02/2017	02/2017	SBJ/EBH
Bréf til samgöngunefndar alþingis	02/2017	02/2017	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EVH
4.6 Bundið slitlag verði lagt á tengivegi fyrir lok árs 2020.	04/2015	09/2019	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	SBJ/EBH
Fundur með þingmönnum kjördæmisins	02/2017	02/2017	SBJ/EBH
Bréf til samgöngunefndar alþingis	02/2017	02/2017	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/SBH
4.7 Héraðsvegum verði við haldið og borið ofan í þá, fyrir lok árs 2017.	04/2015	08/2017	SBJ/EV
Aðgerðir:			
Samband við bændur og ástand vega skráð	11/2016	12/2016	EV
Fundur með vegamálastjóra	01/2017	01/2017	SBJ/EBH
Fundur með þingmönnum kjördæmisins	02/2017	02/2017	SBJ/EH
Bréf til samgöngunefndar alþingis	02/2017	02/2017	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	11/2016	11/2016	SBJ/EBH



Myndin lýsir innviðum, Kirkjubæjarklaustur er ekki til sem áfangastaður hjá Strætó á Suðurlandi.
 Ljósmynd Eirný Vals.

II Meginmarkmið - Skapandi atvinnulíf


Starfsmarkmið 5: Ferðamönnum sem dvelja í Skaftárhreppi fjölgar. Í lok árs 2018 hefur möguleikum til afþreyingar í sveitarfélaginu fjölgað um fimm.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Efnt til samstarfs við Frið og frumkrafta	10/2015	12/2018	EV/FF
Úthlutun úr sjóði BB-SF með áherslu á afþreyingu	10/2015	01/2018	EV
Afþreying skráð og haldið til haga	11/2016	01/2017	EV/FF
Starfsmarkmið 6: Eflum möguleika á nýsköpun og þróun í lok árs 2019 verði hafin átta nýsköpunar-/þróunarverkefni tengd ferðaþjónustu og fullvinnslu matvæla.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Námskeið í skapandi hugsun og frumkvöðlafræðum	09/2016	04/2017	EV/FF
Efla samstarf við ráðgjafa á Suðurlandi	06/2016	12/2016	GS
Kynna möguleika á styrkjum og lánum hvort sem er Uppbyggingarsjóður, Svanni eða NMI	06/2016	02/2017	GS
Starfsmarkmið 7: Við komum að og leiðum stefnumótun um ríkisjarðir í Skaftárhreppi í samstarfi við ríki fyrir mitt ár 2017.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Fundur með framkvæmdastjóra Ríkiseigna	06/2015	06/2015	EBH/SBJ
Fundur með stjórn Bændasamtaka Íslands	10/2015	10/2015	EV
Stöðugreining	09/2015	10/2015	EV
Samtal við ráðgjafa AtVest um mögulegt samstarf	12/2015	01/2017	EV
Samtal við þingmenn um ráðstöfun andvirði ríkisjarða	05/2016	04/2017	EV/SBJ
Starfsmarkmið 8: Þekkingarsetur rísi á Kirkjubæjarklaustri fyrir lok ársins 2020.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Skýrsla um stöðu Kirkjubæjarstofu sem þekkingarseturs uppfærð.	11/2015	10/2016	ÓJ/EV
Fundur með hagsmunaaðilum	05/2016	05/2016	ÓJ
Fundur með aðstandendum Erróseturs	10/2016	10/2016	ÓJ
Fundur með ráðuneytum/fjárveitingavaldi	06/2016	11/2016	ÓJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar	09/2016	11/2016	ÓJ/EV
Starfsmarkmið 9: Fyrir lok árs 2018 hefur fullvinnsla landbúnaðarafurða í héraði aukist og landbúnaður eflst með að minnsta kosti einni nýrri búgrein.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Mati á áhrifum búvörusamnings lokið	04/2016	12/2016	EV
Tækifæri er felast í búvörusamningi fundin og markmið sett í samstarfi við búnaðarfélög og atvinnumálanefnd	08/2016	11/2016	EV/Atvmn
Námskeið í matarhönnun	01/2016	04/2017	FF
Jarðeignir ríkisins verðir nýttar fyrir landbúnað	05/2015	10/2017	EV/Atvmn
Starfsmarkmið 10: Greining á þörf fyrir menntun og starfsþróun verði lokið árið 2018.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Samstarf við Fræðslunet Suðurlands komið á	10/2016	11/2016	EV/ES
Leiðir til fjármögnunar greiningar fundnar og sótt um	12/2016	04/2017	EV/ES
Könnun gerð og úrvinnsla gagna	08/2017	04/2018	EV/ES
Hugmyndir að næstu skrefum kynntar	04/2018	12/2018	EV/ES



Mynd frá byrjun haustslátrunar 2016, sláturhúsið í Seglbúðum. Mynd af vef Sláturhússins í Seglbúðum.

III Meginmarkmið - Heillandi umhverfi

Starfsmarkmið 11: Við hlúum að náttúru og umhverfi svo íbúum, jarðvangi og þjóðgarði sé sómi að.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Úrgangur í brúnum tunnum fari sannanlega í moltu	04/2016	09/2016	SBJ/EV
Sorp til urðunar minnkar um 10% á ári næstu fjögur ár	09/2016	10/2017	SBJ/EV
Samstarf við Kötlu jarðvang, áætlun um hvernig umhverfisvitund er eflað	09/2016	11/2016	EV/ÓJ
Leitað samstarfs við Eldvötn náttúruverndarsamtök	10/2016	11/2016	EV/ÓJ
Formlegt samstarf við Landgræðslu og Nattsa	12/2016	10/2017	SBJ/EV
Samstarf við rannsóknasetur HÍ á Höfn um ferðamál	09/2016	08/2017	EV/FF
Starfsmarkmið 12: Árið 2017 verður Katla Geopark komin á föst fjárlög.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Samvinna með starfshóp um miðsvæði	06/2016	10/2016	SBJ
Samvinna með stjórn Kötlu Geopark	04/2015	10/2017	EBH
Bréf til fjárlaganefndar alþingis	11/2016	11/2016	SBJ/EBH
Starfsmarkmið 13: Árið 2017 fær Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs fjárveitingu til að hafa opið allt árið.			
Aðgerðir:	Byrjað:	Lokið:	Ábyrgð
Erindi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins	08/2016	08/2016	EV
Samvinna með þjóðgarðsverði	09/2016	10/2017	SBJ/EV
Erindi til fjárlaganefndar alþingis	11/2016	11/2016	EV
Bréf til þingmanna	11/2016	11/2016	EV



Mynd tekin á Skaftártunguafrétt, Uxatindar fyrir miðri mynd. Ljósmynd Eirný Vals.

Til skýringar á skammstöfunum, hver ber ábyrgð á verkþætti.

EBH: Eva Björk Harðardóttir, oddviti Skaftárhrepps

EV: Eirný Vals, verkefnastjóri Skaftárhreppur til framtíðar

GS: Guðlaug Svansdóttir, ráðgjafi Háskólafélagi Suðurlands

ÓJ: Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu

SBJ: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps

Atvmn: Atvinnumálanefnd Skaftárhrepps

FF: Friður og frumkraftar

ES: Eyjólfur Sturlaugsson, framkvæmdastjóri Fræðslunets Suðurlands

Til skýringar á skammstöfunum í texta

BB: Brothættar byggðir, verkefni Byggðastofnunar

BB-SF: Brothættar byggðir – Skaftárhreppur til framtíðar

SF: Skaftárhreppur til framtíðar

PFS: Póst- og fjarskiptastofnun

NMÍ: Nýsköpunarmiðstöð Íslands

SVÓT

Svótgreining sem unnin var sumarið 2015 er í fullri lengd í viðauka en í töflu hér að neðan má sjá helstu atriði dregin saman.

Skaftárhreppur til framtíðar	SVÓT 2015
Styrkleikar: Innviðir anna fleiri íbúum Menning og saga Katla Geopark og Vatnajökulspjóðgarður Fullvinnsla afurða	Ógnanir: Náttúruvá Stefnuleysi í ráðstöfun ríkisjarða Frekari skekking aldursdreifingar Fækkun íbúa
Veikleikar: Fjarskipti Rafmagn Samgöngur Húsnæðismál	Tækifæri: Fullvinnsla afurða Störf án staðsetningar Betri nýting innviða Aukin afþreying Fjöldi ferðamanna

Eftir íbúáþing, íbúafund og SVÓT greiningu er gott að skoða hvaða tækifæri eru raunhæf og aðlaðandi að huga að á næstu árum. Skoða hvar er tækifæri til samvinnu við þá sem vinna að verkefninu Brothættar byggðir á landsvísu. Einnig þarf að huga að því hvar mesta ógnin er.

Tækifæri

Tækifæri gætu virst fá en þau eru fjölbreytt og fela í sér að þær atvinnugreinar sem nú þegar eru sterkar í Skaftárhreppi styrkjast og aukast enn frekar.

Fullvinnsla: Kjöt, korn, fiskur/silungur og vottað eldhús. Nú þegar er kjöt unnið á tveimur stöðum og silungur settur í neytendapakkingar á einum stað. Úr repju er unnin olía sem verður sett á markað innan tíðar. Tækifæri eru í fullvinnslu kjöts því verið er að koma á fót nautgripaeldi m.a. í Meðallandi, ef hluti af þeim nautgripum færu í sláturhúsið í Seglbúðum þá myndu opnast miklir möguleikar í vinnslu nautakjöts í hreppnum. Hjá Klausturbleikju er hægt að slátra meira af fiski en nú er gert og pakka í neytendaumbúðir. Vel er hægt að sjá fyrir sér að slátrað sé fyrir fleiri en einn framleiðanda og pakkað í mismunandi umbúðir. Þekking á því hvernig á að reykja kjöt er allgóð, spurning er hvort hægt er að yfirfæra þá þekkingu á vinnslu á fiski. Unnið er að því að byggja upp þekkingu á sútun, nokkrar konur hafa sótt námskeið og eru að prófa ýmsar aðferðir. Einnig hefur verið unnið með ull, frá rúningu að flík. Friður og frumkraftar fengu viðurkenningu EDEN fyrir verkefnið Hvað er í matinn? Ferðaþjónustan býður upp á afurðir úr héraði. Tækifæri eru á að rækta ýmislegt grænmeti utanhúss og í köldum gróðurhúsum. Þá liggja tækifæri í fullvinnslu skógarafurða. Víða er vaxinn upp skógur sem þarf að grisja eða kominn er nytjaviður.

Fjöldi ferðamanna sem fer í gegn: Sífellt fleiri ferðamenn fara eftir þjóðvegi 1 í gegnum sveitarfélagið án þess að nýta sér þjónustu eða skoða landið. Tækifæri gætu

falist í því að fá fleiri til að dvelja í Skaftárhreppi og selja skoðunarferðir, afþreyingu, matvæli eða gistingu. Skaftárhreppur er einn af eigendum Kötlu jarðvangs. Þar eru vannýttir möguleikar, allt frá merkingum við sveitarfélagamörk til merkinga afurða. Vatnajökulspjóðgarður nær yfir hluta Skaftárhrepps. Gestastofa þjóðgarðsins er nú starfrækt í upplýsingamiðstöð í samvinnu við sveitarfélagið. Á fjárlögum er fjárveiting fyrir framtíðarhúsnæði gestastofu, vonast er til að stofan rísi sem fyrst og þar verði sýningar og annað kynningarefni fyrir gesti og gangandi. Óformleg samtök hagsmunaaðila vinna að því að efla þekkingarsetrið Kirkjubæjarstofu meðal annars með því að sett verði upp sýning á verkum Errós.

Það sem gæti unnið gegn auknu framboði á afþreyingu og fleiri möguleikum til að dvelja í lengri eða skemmri tíma í Skaftárhreppi er að mikið álag er á þá sem veita þjónustu. Undanfarin ár hefur íbúum fækkað, samhliða því hefur verið skortur á íbúðarhúsnæði. Sem er bæði tækifæri og ógn. Tækifæri felast í að þetta byggð og efla mannlíf og styrkja með því verslunina, bankann, vínbúðina og apótekið sem eru á Klaustri. Ógn er ef enn heldur áfram að kvarnast úr heilsársbúsetu.

Betri nýting innviða: Innviðir í Skaftárhreppi bera fleiri íbúa. Verið er að vinna að rýmisgreiningu grunnskóla. Leikskóli er góður. Tónlistarskóli er starfandi. Félagsstarf er allnokkurt og þar væri tekið vel á móti nýju blóði. Heilsugæsla er góð og dvalarheimili aldraðra er vel mannað. Ef íbúum fjölgaði sem og ferðamönnum sem njóta þjónustu er líklegt að innviðir, sérstaklega heilsugæsla og sjúkraflutningar, þyrftu að styrkjast.

Ógnanir

Ógnanir eru allnokkrar. Flestar eru þær á þann veg að annað hvort þarf styrk frá fjárveitinga- og framkvæmdavaldi til að bægja þeim frá eða að þær eru af völdum náttúrunnar. Þegar íbúar hafa jafn litla möguleika og raun er til að bæta úr eða forðast ógnanir eru líkur á að viðnámsþróttur minnki og erfiðara reynist að efla baráttuanda.

Þriggja fasa rafmagn: Þriggja fasa rafmagn er frumskilyrði til að hægt sé að byggja upp landbúnað, í samræmi við nýjan búvörusamning, nýja reglugerð um aðbúnað nautgripa og til að hægt sé að tækjavæða bú. Einnig þarf þrífösun til að hægt sé að fullvinna korn/repju. Samkvæmt áætlun Rarik á að leggja þriggja fasa rafmagn eftir 2034. Ef það gengur eftir blæðir landbúnaði hægt út og olía verður brennd til að vinna korn/repju vegna skorts ár raforku. Þetta er ekki síst slæmt þar sem nýliðun hefur verið ör og margt ungt fólk er annað hvort nú þegar búíð að taka við búi eða er tilbúið að gera það.



Á Sandhól í Meðallandi er unnin olía úr repju. Þar sem þriggja fasa rafmagn vantar í Meðalland er svartolíu brennt við vinnsluna. *Ljósmynd frá Erni Karlssyni Sandhól.*

Fjarskipti: Hvort sem um er að ræða þráðlaust netsamband eða símsamband, 3G eða 4G, þá er ástandið slæmt í nær öllu sveitarfélaginu. Nokkrir staðir hafa ADSL tengingu og ábúendur í Efri Vík kostuðu lagningu ljósleiðara þangað. Slæmt netsamband háir starfi hvort sem er í landbúnaði eða ferðaþjónustu. Hættuástand getur skapast þegar símasamband er götött, bæði á þann veg að fólk getur ekki látið vita af sér og að erfitt getur reynst að ná í viðbragðsaðila meðal annars í tengslum við náttúruvá sem er mikil á svæðinu. Einnig nást sendingar útvarps víða illa og þegar það fer saman með slitróttu gsm sambandi og lélegu netsambandi þá er staðan slæm.

Þjóðvegur 1: Þjóðvegur 1 þverar Skaftárhrepp. Veghald er með sama hætti og áður en ferðamönnum fjölgaði og áður en þungaflutningar færðust af sjó á vegi. Enn eru margar einbreiðar brýr. Vegurinn er mjór og vegaxlir engar. Áningarstaðir eru fáir og þeir sem þó eru er lítt viðhaldið. Vetrarþjónusta er lítil og engan veginn í samræmi við þá umferð sem er allan veturinn. Tengivegir eru lélegir og ef eitthvað er þá er þeim verr viðhaldið en þjóðvegi 1. Tengivegir liggja að náttúruperlum, þangað er þung umferð allskonar farartækja, stórra og smárra. Tengivegirnir eru einnig vegir þeirra sem búa í Skaftárhreppi og þurfa mjólkurbílar og öll aðföng að fara um þá. Þarna, eins og oft áður, fara þarfir í undirstöðuatvinnuvegunum saman.

Ríkisjarðir: Í Skaftárhreppi eru margar ríkisjarðir, of margar eru ósetnar, í eyði eða ábúð þeirra í lausu lofti því ríkið hefur ekki markað sér stefnu um ríkisjarðir. Sérstaklega eru ríkisjarðir margar í Meðallandi. Í Álftaveri og Skaftártungu eru þær einnig nokkrar. Mikilvægt er að íbúar sveitarfélagsins komi að stefnumótun um jarðir í heimabyggð og að hlustað sé á þá eindregnu kröfu þeirra að búið sé á sem flestum jörðum. Einungis á þann hátt er hægt að styrkja byggð víðs vegar um sveitina.

Náttúruvá: Ýmiskonar vá stafar frá náttúrunni. Helst má telja fok jarðvegs og rof vegna ágangs vatns. Einnig veldur vatnspurrð í þekktum veiðisvæðum í Landbroti áhyggjum. Þá er fiskeldi í Botnum í hættu vegna vatnspurrðar og í ferðapjónustu er farið að huga að því að grunnvatnsstaða gæti lækkað svo mikið að erfitt reynist að dæla vatni úr borholum. Hér takast á sjónarmið þeirra sem vantar vatn og geta hugsað sér að veita því og hinna sem vilja láta náttúruna hafa sinn gang.

Mikilvægt er að varnargarðar verði endurbyggðir og stórlega bætt í uppgræðslu lands.



Hylur að þorna upp í Grenlæk sumarið 2016. *Ljósmynd Eirný Vals.*

Samantekt

Tækifæri til framtíðar eru í Skaftárhreppi. Mikilvægt er að efla það sem til þarf af því sem íbúum þéttbýlli svæða finnst sjálfsögð þjónusta hins opinbera og fyrirtækja þeirra. Með því verða meiri líkur á að tækifæri verði gripin, nýtt og byggð eflist.

Viðauki I


Samantekt frá íbúðingum 2013

Í samantekt Sigurborgar Kr. Hannesdóttur ráðgjafa hjá Ildi er stýrði íbúðingum í október 2013 segir um forgangsörðun:¹

Forgangsörðun

Í lok þingsins forgangsörðuðu þátttakendur málaflokkum, út frá mikilvægi fyrir eflingu byggðar í Skaftárhreppi. Hver þátttakandi fékk 10 punkta til að útdeila á málaflokka eftir eigin mati. Niðurstaðan er sú að atvinnumál almennt vega einna þyngst, en fjarskipti og rafmagn, húsnæðismál, byggðaþróun og landbúnaður fylgja fast á eftir. Athygli kann að vekja að ferðaþjónusta er ekki í efstu flokkum, ekki síst þar sem rætt var um tækifæri í ferðaþjónustu í mörgum umræðuhópum. Ástæðan virðist vera sú að „undirtitill“ hópsins sem sérstaklega fjallaði um ferðaþjónustu var „agi og gæði“. Því ber ekki að túlka myndina hér til hliðar þannig að íbúar Skaftárhrepps hafi minni tiltrú á ferðaþjónustu sem atvinnugrein en t.d. landbúnaði, heldur þvert á móti. Sem dæmi má nefna að á þinginu urðu einmitt miklar umræður um tækifæri í samtengingu landbúnaðar og ferðaþjónustu. Samkvæmt forgangsörðuninni má svo draga þá ályktun að úrbætur í samgöngumálum brenni með öðrum hætti á íbúum Skaftárhrepps, en íbúum afskekktari byggðarlaga, enda liggur svæðið vel við hringveginum.

Nýsköpun í atvinnulífi, þar sem byggt er á þeim grunni sem þegar er til staðar í landbúnaði og ferðaþjónustu og byggt á sérstöðu í náttúru og sögu, er mikilvægasta viðfangsefnið. Forsendan er sú að til staðar sé atvinnu- og íbúðarhúsnæði, fjarskipti og þriggja fasa rafmagn. Þetta samspil er grundvöllur að eflingu byggðar í Skaftárhreppi.



„Skortur á húsnæði í allri sinni mynd er dragbítur í samfélaginu hvort sem það snýr að fólksfjölgun eða vexti í atvinnu“.

¹ Kaflinn forgangsörðun ásamt súluriti og tilvitnun í húsnæði er í heild sinni tekinn úr skýrslu Ildis.

Viðauki II

SVÓT frá sumri 2015

Skaftáhreppur til framtíðar	SVÓT 2015
	Drög í lok ágúst
Styrkleikar Þjóðvegur 1 Náttúran – Vatnajökulsþjóðgarður Katla Geopark Saga Staðsetning – Nálægð við SV hornið Nálægð við Skaftafell/Jökulsárlón Þekking og reynsla af ferðaþjónustu – Hefð fyrir samstarfi Ferðaþjónustuklassi Landbúnaður Fiskeldi Menning – Kammertónleikar Uppskeruhátíð Páskadagskrá Fjöldi ferðamanna Fullvinnsla matvæla – Borgarfell Seglbúðir Innviðir sem anna fleiri íbúum Læknir og hjúkrunarfræðingur Tæki og þekking til fjarlækninga Íbúar, þekking og færni Faglærðir iðnaðarmenn í héraði Hver er sjálfum sér nægur	Ógnanir Náttúruvá – Skaftá Landbrot Sandfok Eldvirkni Frekari fækkun íbúa Frekari skekking aldursdreifingar Veikar tengingar í stjórnsýslu ríkis Erfitt að kaupa jarðir/nýliðun Stefnuleysi ríkis í ráðstöfun jarða Breytt regluverk í landbúnaði – Aðbúnaður nautgripa Innflutningsreglur Skuldsetning atvinnuvega Hækkun á verði aðfanga
Veikleikar Fólksfækkun Aldursdreifing Skortur á skilningi á tækifærum Álag á núverandi þjónustuveitendur Starfsfólk ekki með lögheimili/tekjuleki Landstærð/fámenni Landbrot/upplástur Húsnæðismál Fjarskipti 1-fasa rafmagn Ástand þjóðvegur 1, lélegir tengivegir Vetrarþjónusta Viðhald vega	Tækifæri Sérstakur sjóbirtingsstofn Fullvinnsla – Kjöt Korn Vottað eldhús Fisk/silung Vatn Sandur Fjöldi ferðamanna sem fer í gegn Sjálfbærni Nýta sjóbirtinginn Betri nýting innviða – Húsnæði Heimavistin Skóli Störf án staðsetningar Aukin afþreying Sandarnir Vitar Ströndin Norðurljós Hellar/hellaskoðun Fámennið, kyrrðin, dreifbýlið

Viðauki III Yfirlit styrkja BB-SF

Úthlutun 2015

7 mkr.

1. Pílagrímagöngur

Ábyrgð og samstarf: Ingólfur Hartvigsson

Styrkfjárhæð: kr. 500.000,-

Lýsing: Unnið verður að verkefninu út frá sögu pílagrímaferða og hvernig slík vinna gæti farið fram með því að skoða sambærilegar ferðir erlendis. Skoðuð verða kort og leiðir, mögulegir áningarstaðir o.fl. og í framhaldinu að stika leið milli Klausturs og Þykkvabæjarklausturs.

2. Fræðslustígur

Ábyrgð og samstarf: Hótel Laki

Styrkfjárhæð: kr. 1.500.000,-

Lýsing: Hótel Laki er að leggja stíg í 600 metra radíus kringum hótelið og kallar hann Fræðslustíg. Þar á að kynna sögu, sagnir, fuglalíf, eldsögu og búskaparhætti til forna í Skaftárhreppi. Einnig er verið að vinna kort af svæðinu, ásamt því að hanna stíginn.

3. Þjóðleiðir, fyrrum ferðaleiðir og örnefni í Skaftárhreppi

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarstofa

Styrkfjárhæð: kr. 2.000.000,-

Lýsing: Öflun og skráning upplýsinga um þjóðleiðir, fyrrum ferðaleiðir og örnefni í Skaftárhreppi. Þannig verður menningarverðmætum bjargað frá glötun, s.s. þekkingu á fornum ferðaleiðum og örnefnum.

4. Brunasandur

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarstofa

Styrkfjárhæð: kr. 500.000,-

Lýsing: Kynningar- og útgáfuhátið bókar um niðurstöður rannsóknarverkefnis átta vísindamanna úr ýmsum greinum, sem hafa rannsakað sögu Brunasands. Brunasandur byggðist upp eftir Skaftárelda 1783 og saga hans sýnir nýtt land verða til í kjölfar náttúruhamfara og hvernig það er síðan numið til búsetu.

5. Sigur lífsins

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarstofa, sóknarnefnd, sóknarprestur, Friður og frumkraftar

Styrkfjárhæð: kr. 500.000,-

Lýsing: Sigur lífsins er árleg fræðsla og menningardagskrá á Kirkjubæjarklaustri og nágrenni, um páskana. Árið 2016 er áherslan á fræðslu um pílagrímagöngur.

6. Hvað er í matinn og Hönnunarsamkeppni

Ábyrgð og samstarf: Friður og frumkraftar

Styrkfjárhæð: kr. 2.000.000,-

Lýsing: Bjóða á upp á námskeið og fræðslu um hvernig megi nýta náttúruna og þau hráefni sem finnast í nágrenninu, auk þess sem svokallað Food trail verður útbúið. Haldin verður hönnunarsamkeppni um minjagrip úr Skaftárhreppi með vísan í sögu, náttúru og/eða menningu svæðisins úr hráefni af svæðinu.

Úthlutun 2016

5 mkr.

1. Salernis- og þjónustuhús á áningastaði ferðamanna

Ábyrgð og samstarf: Sveitabragginn ehf.

Styrkfjárhæð: kr. 1.000.000,-

Lýsing: Orðspor og ímynd Skaftárhrepps á sviði ferðaþjónustu mun auðveldlega öðlast sinn fyrri sess, með því að þessari bráðu þörf verði mætt með sómasamlegri lausn – salernishús sem hannað er í Skaftárhreppi, framleitt og uppsett af faglærðum smiðum í Skaftárhreppi, efnisnotkun frá afurðum Suðurlandsskóga (íslenskt lerki) og innan ekki svo skamms tíma verður jafnvel hægt að nálgast efni úr trjáskógum Skaftárhrepps.

2. Aðkeyptur skemmtiviðburður á uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2016

Ábyrgð og samstarf: Menningarmálanefnd Skaftárhrepps

Styrkfjárhæð: kr. 300.000,-

Lýsing: Menningarmálanefnd vinni að því að leita hugmynda að viðburði til kaupa á Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2016 Hvernig þetta verkefni er að falla að skilaboðum íbúapings – jákvæðni, samhygð og samvinna – er að skapa möguleika íbúa til að taka þátt í viðburði án þess að þurfa að fara úr heimabyggð sem líka gefur möguleika á meira flæði jákvæðra skilaboða út í samfélagið.

3. Byggðamál í Skaftárhreppi – ársfundur Kirkjubæjarstofu 2016

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarstofa

Styrkfjárhæð: kr. 300.000,-

Lýsing: Verkefnið; ársfundur Kirkjubæjarstofu 2016 um Byggðamál í Skaftárhreppi fellur mjög vel að áherslum fyrir verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar þar sem byggðapróun var eitt af áherslumálum á íbúáþingi.

4. LandArt í Skaftárhreppi

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarstofa

Styrkfjárhæð: kr. 1.000.000,-

Lýsing: LandArt í Skaftárhreppi fellur að áherslum íbúapings fyrir verkefnið Skaftárhreppur til framtíðar, m.a. með því að skapa nýjar hugmyndir um nýtingu á náttúru, sögu og menningu og styrkir einnig ímynd svæðisins og sérstöðu.

5. Hjólaferðir allt árið með Kind Adventure

Ábyrgð og samstarf: Guðmundur F. Markússon

Styrkfjárhæð: kr. 1.000.000,-

Lýsing: Ótalmörg tækifæri eru í ferðaþjónustunni um þessar mundir og teljum við mjög mikilvægt að vandað sé til verka þegar kemur að því að markaðssetja landið okkar. Við viljum einbeita okkur að persónulegri þjónustu, minni hópa (hámark 6-8) í ferð og veita ákveðna upplifun í því að ferðast með heimamönnum, segja sögur og bjóða upp á mat úr héraði.

6. Vistspor og náttúruvernd

Ábyrgð og samstarf: Eldvötn, samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Styrkfjárhæð: kr. 400.000,-

Lýsing: Sýna á heimildarmyndina “Maðurinn sem minnkaði – vistsporið sitt”, í félagsheimilinu á Kirkjubæjarklaustri og fá fulltrúa framleiðenda til kynna myndina og svara spurningum.

Til að kynna og fjalla um náttúruverndarlögin verður leitað til sérfróðra aðila um málefnið og að lokinni kynningu verða umræður og spurningum svarað. Verkefnið fellur vel að áherslum íbúapings um náttúruvernd, umgengni og umhverfismál.

7. Útivistar- og umhverfisfræðsla í Kirkjubæjarskóla

Ábyrgð og samstarf: Kirkjubæjarskóli á Síðu

Styrkfjárhæð: kr. 400.000,-

Lýsing: Með þessu valfagi vinnum við að ýmsum þáttum sem fram komu í íbúáþingi Skaftárhrepps svo sem náttúru svæðisins, verndun og nýtingu, eflingu ímyndar svæðisins og aukum þekkingu nemenda á sérstöðu þess. Einnig mun áfanginn vonandi efla ungliðastarf með því að auka færni nemenda í að nýta sér náttúruna til tómstunda og tengja betur grunnskóla og aðra starfsemi á svæðinu. En stefnt er að því að fá fleiri einstaklinga og félagasamtök til samstarfs að þessu verkefni svo sem björgunarsveitir.

8. Heilsueflandi dagar í Skaftárhreppi

Ábyrgð og samstarf: Fræðslunefnd Skaftárhrepps

Styrkfjárhæð: kr. 300.000,-

Lýsing: Meðal niðurstaða íbúáþings 2013 kom fram mikilvægi þess að senda jákvæð skilaboð útávið. Þegar grunnstoðir voru skoðaðar þá var efst á blaði fólkið sjálft, fjölskyldur og einstaklingar. Við þurfum að hlúa að íbúum, ekki síst til að gera sveitarfélagið eftirsóknavert til búsetu. Einnig er auðveldara að laða að nýja íbúa í samfélag þar sem stutt er við heilsusamlegan lífstíl. Bætt lýðheilsa miðar að því að viðhalda og efla heilbrigði fólks með forvarnarstarfi og samfélagslegri ábyrgð, með þeim hætti er m.a. hægt að draga úr líkum á langvinnum sjúkdómum og auka andlega og líkamlega vellíðan.

9. Það er leikur að læra

Ábyrgð og samstarf: Fræðslunefnd Skaftárhrepps

Styrkfjárhæð: kr. 300.000,-

Lýsing: Málþing yrði haldið hér í Skaftárhreppi á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskóla. Fyrir hádegi verða faglegir fyrirlestrar og vinnustofur en eftir hádegi, eða frá kl 14, er stefnt að opnu málþingi, þ.e. stuttum fyrirlestrum fyrir alla sem hafa áhuga á.